

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1175  
komudagur 6.4.2005



Verzlunarmannafélag Reykjavíkur  
Húsi verzlunarinnar  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík  
Sími 510 1700  
Fax 510 1717  
Veffang www.vr.is  
Netfang vr@vr.is

Félagsmálanefnd Alþingis,  
b/t Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari  
Alþingi,  
150 Reykjavík

Reykjavík 04.04 2005

**Efni: Umsögn VR um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar,  
174. mál, desemberuppbót**

VR fagnar þessu frumvarpi og styður það. Teljum við það mjög þarft, ekki aðeins vegna þess að það sé réttlætismál að atvinnulausir fái desemberuppbót eins og aðrir, heldur einnig vegna þess að starfmenn atvinnuleysisbótadeildar VR hafa lengi heyrt umkvartanir atvinnuleysisbótaþega vegna þessa þar sem þeim finnst sér mismunað.

Í greinargerð með frumvarpi þessu kemur fram að tilvísun flutningsmanna eru samsvarandi ákvæði í *Reglugerð um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega (nr. 1007/2004)* með stoð í lögum um almannatryggingar nr. 117/1993. Þegar sú reglugerð er nánar skoðuð sést að þar er einnig gert ráð fyrir greiðslu 20% orlofsuppbótar í júlí (a. liður) en í frumvarpi þessu til laga um atvinnuleysistryggingar er aðeins gert ráð fyrir desemberuppbótinni. Það er skoðun VR að í frumvarpinu sé of skammt gengið til jafnræðis, og til þess að eyða mismunun, og mælir VR með því að atvinnulausir fái einnig 20% orlofsuppbót í júlí eins og launþegar og elli- og örorkulífeyrisþegar sbr. áður nefnda reglugerð.

Breytingartillaga VR við frumvarpinu er því við 2.gr. þess t.d. þannig (**breyting feitletruð og undirstrikuð**):

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Á bætur sem greiddar eru vegna atvinnuleysis í desember skal greiða 30% uppbót, **og í júlí 20% uppbót.**

F.h. VR  
Með vinsemd og virðingu,

  
Gunnar Páll Pálsson, formaður

